

Kópavogur - Garðabær

Kjóavellir Landsendi 31

<https://skipulagsgatt.is/issues/2023/963>

Kópavogur, 23. janúar 2024

Tilvísun: K-18981

Efni: Kjóavellir Landsendi 31 breytt deiliskipulag

Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað tillögur að breyttu deiliskipulagi fyrir Kjóavellir Landsendi 31 breytt deiliskipulag. Í breytingunni felst að komið verði fyrir nýjum byggingarreit um 30.8m að þvermáli fyrir nýjan 4.000 m³ miðlunargeymi fyrir neysluvatn norðan megin við núverandi vatnstank á svæði sem er að mestu leyti óhreyft. Fyrirhugaður miðlunargeymir mun vera að sömu stærð og núverandi vatnstankur og mun hæðasetning á nýja geyminum einnig miðast við tankinn sem fyrir er. Lóð verður girt af með 2m hárri mannheldri girðingu á lóðarmörkum.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi en óskar eftir því að fá að fylgjast með hönnun miðlunargeymisins, efnisnotkun og byggingu.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins
Árni Davíðsson

Árni Davíðsson